

Afstaða ríkissaksóknara til kæru

skv. 5. mgr. 52. gr. sakamálagaga nr. 88/2008

Kærandi: Vilhjálmur Bjarnason, kt. 200452-7719, og Árni Gunnarsson, kt. 140440-4429.

Kæra: Móttækin 16. janúar 2009

Númer máls: Lögreglumál nr. 006-2008-1254

Efni máls:

Kæra á hendur Hildi Petersen, kt. 020855-5849, Gunnari Þór Gíslasyni, kt. 181165-3759, Ásgeiri Baldurs, kt. 171172-5439, Erlendi Hjaltasyni, kt. 211157-7399, Ara Bergmann Einarssyni, kt. 070649-7999, og Guðmundi Haukssyni, kt. 020849-4799, vegna ætlaðs brots gegn IX. kafla laga nr. 33/2003 og 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Krafa:

Að endurskoðuð verði ákvörðun ríkislögreglustjóra, dags. 18. desember 2008, um að hefja ekki rannsókn ofangreinds máls með vísan til 1. mgr. 76. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991, sbr. nú 4. mgr. 52. gr. laga um meðferð sakamála og lagt verði fyrir hann að taka málið til rannsókna.

Gögn:

Samkvæmt beiðni ríkissaksóknara sendi ríkislögreglustjóri gögn málsins með bréfi dags. 28. janúar 2009 ásamt rökstuðningi fyrir ákvörðun sinni.

Málavextir og rök:

Málið barst lögreglu með bréfi dags. 25. september 2008. Þar segir að kærandur komi fram f.h. fyrrum stofnfjáreigenda og hluthafa í SPRON sem með bréfinu kæri kærðu Hildi, Gunnar og Ásgeir, sem fyrrverandi og núverandi stjórnarmenn í SPRON fyrir brot gegn 248. gr. almennra hegningarlaga og IX. kafla laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti. Kærðu Erlendur og Ari, stjórnarmenn í SPRON og kærði Guðmundur, forstjóri SPRON, eru kærðir fyrir hlutdeild í brotum kærðu Hildar, Gunnars og Ásgeirs.

Í kærinni er málavöxtum lýst svo að 17. júlí 2007 hafi stjórn SPRON samþykkt að leita eftir samþykki stofnfjáreigenda fyrir því að SPRON yrði breytt í hlutafélag og skráð á markað. Frétt um þetta hafi birst í fjölmiðlum sama dag og einnig hafi þá verið skýrt frá því að stjórn SPRON hafi ráðið Capacent til að meta verðmæti SPRON miðað við 31. mars 2007. Samkvæmt niðurstöðu þess mats hafi verðmæti SPRON verið tæpir 54,9 milljarðar króna. Á fundi með stofnfjáreigendum þann 21. ágúst 2007 lagði stjórnin fram tillögu um að SPRON yrði breytt í hlutafélag og það skráð í kauphöllina.

Eftir fund stjórnar þann 17. júlí kom fram í fjölmiðlum að stjórnin hefði undir höndum ofangreint mat Capacent sem liggur fyrir meðal gagna málsins og er dagsett í maí 2007. Ítrekað hafi verið leitað eftir því að matið yrði birt en stjórn SPRON og forstjóri hafi neitað því og borið fyrir sig að um trúnaðarupplýsingar hafi verið að ræða. Þessi krafa hafi m.a. verið sett fram á fundi hluthafa í SPRON þann 6. ágúst 2008 og svaraði forstjóri þá beiðninni á þann hátt að ekki væri hægt að birta matið þar sem það geymdi trúnaðarupplýsingar. Kærendur halda að stjórn SPRON hafi á fundi sínum þann 17. júlí 2007 haft fleiri mót undir höndum en kærendur hafi ekki fengið það staðfest.

Þann 18. júlí 2007 hafi gengi stofnfjárbréfanna hækkað um a.m.k. þriðjung og þegar lokað var á viðskipti með bréfin á stofnfjármarkaði þann 7. ágúst 2007 hafi verðmæti SPRON verið 103 milljarðar króna m.v. síðasta viðskiptaverð stofnfjárbréfa.

Miklar væntingar hafi verið til félagsins af hálfu markaðarins og fjárfesta og hafi síst verið dregið úr þeim af hálfu forsvarsmanna SPRON. Þann 15. ágúst 2007 birtist grein í Fréttablaðinu þar sem fram kom að verðmæti SPRON væri mun meira en fram kæmi í mati Capacent. Þar er einnig haft eftir kærða Guðmundi að matið miðaðist við 1. apríl 2007 og síðan þá hafi almenn hækking orðið á félögum.

Einnig kemur fram í kæru að kærendum sé kunnugt um að einstaklingar hafi verið hvattir til að fjárfesta í stofnfjárbréfum á þessum tíma. Það hafi verið starfsmenn SPRON sem hafi hvatt viðskiptavini til kaupa á bréfum með ummælum um að fjárfestingin ætti eftir að margfaldast um leið og hlutabréf í SPRON væru skráð í kauphöllina. Á sama tíma hafi stjórnarmenn í fyrirtækinu verið að selja sín stofnfjárbréf. Á fundi með stofnfjáreigendum 21. ágúst 2007 gerðu stjórn og forstjóri SPRON grein fyrir verðmæti og miklum væntingum til fyrirtækisins og töldu að verðmæti þess hækkaði ef stofnfjáreigendur mundu samþykkja að breyta því í hlutafélag. Kynt hafi verið undir væntingar um áframhaldandi verðmætaaukningu og ekkert getið um að þrír stjórnarmenn væru búnir að selja hluta stofnfjáreignar sinnar.

Viðskipti með hlutabréf í SPRON hófust 23. október 2007 og var gengi bréfanna þá verulega lægra en lokagengið á stofnfjármarkaðnum.

Á síðari hluta ársins 2007 hafi fyrst komið fram vísbendingar um að stjórnarmenn í SPRON, einn eða fleiri, hafi selt stofnfjárbréf á tímabilinu 18. júlí til 7. ágúst 2007.

Í byrjun febrúar 2008 hafi stjórn SPRON birt yfirlýsingu þar sem staðfest var að þrír af fimm stjórnarmönnum hafi selt stofnfjárbréf á stofnfjármarkaði á tímabilinu 18. júlí til 7. ágúst 2008. Í yfirlýsingunni hafi komið fram að stjórnin teldi að sér hafi ekki verið heimilt að birta upplýsingar um viðskipti innherja á þessum tíma og bar fyrir sig

bréf Fjármálaeftirlitins (FME) frá árinu 2004 en þessi túlkun hafi ekki fengið staðfest af FME.

Kærendur telja að sú staðreynd að kærðu, Hildur, Gunnar og Ásgeir, seldu á þessum tíma hljóti að þýða að þeir hafi, vegna stjórnarsetu sinnar og upplýsinga sem stjórnin ein hafi haft undir höndum, haft vitneskju um það að hið háa gengi á stofnfjárbréfum í SPRON á tímabilinu 18. júlí til 7. ágúst 2007, hafi verið gengi sem aldrei mundi nást við skráningu á markað. Þannig hafi þeir notað innherjaupplýsingar til að hagnast og jafnframt leynt því að þeir væru að selja. Þannig hafi þeir blekkt stofnfjáreigendur með refsiverðum hætti.

Sala þeirra á stofnfjárbréfunum hafi verið samþykkt af stjórninni og hafi kærðu Erlendur, Ari og Guðmundur, því gerst sekir um hlutdeildarbrot.

Með bréfi ríkislögreglustjórans frá 18. desember 2008 var kærendum tilkynnt sú ákvörðun hans að hefja ekki rannsókn málsins. Þar kemur fram að ríkislögreglustjóri telji að reglur um innherjaviðskipti gildi ekki fyrr en óskað hefur verið eftir því að félagið verði tekið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða öðrum tilgreindum mörkuðum. Sama gildi um ákvæði laga nr. 33/2003 hvað varðar markaðsmisnotkun. Það sé því í fyrsta lagi 21. ágúst 2007 sem hægt sé að miða við. Viðskipti kærðu, Hildar, Gunnars og Ásgeirs, hafi átt sér stað fyrir þann tíma og því eigi reglur um innherjaviðskipti ekki við.

Hvað varðar ætlað brot gegn 248. gr. segir í bréfi ríkislögreglustjóra að stjórnarmennirnir hafi selt bréf sín áður en samþykkt var á fundi stofnfjárhafa að breyta SPRON í hlutafélag. Með hliðsjón af því sé ekki hægt að halda því fram að brotið hafi verið gegn hagsmunum stofnfjáreigenda þegar viðskiptin áttu sér stað. Miklar vonir hafi verið bundnar við hlutafjársæðinguna á meðal fjárfesta og hefur ekki verið sýnt fram á að stjórnarmennirnir hafi átt þar hluta að máli með saknæmum hætti. Ekkert hefur komið fram sem bendir til þess að þeir sem keyptu stofnfjárbréfin af stjórnarmönnum hafi talið sig hafa verið beitta blekkingum í viðskiptunum.

Samkvæmt 2. mgr. 52. gr. sakamálalaga skal lögregla hvenær sem þess er þörf hefja rannsókn út af vitneskju eða grun um að refsivert brot hafi verið framið hvort sem henni hefur borist kæra eða ekki.

Samkvæmt 42. gr. laga nr. 33/2003 taka ákvæði IX. kafla laganna, um meðferð innherjaviðskipta og viðskipti innherja, til viðskipta með verðbréf sem skráð hafa verið eða óskað hefur verið eftir að skráð verði á skipulegum verðbréfamarkaði og fjármálagerninga sem tengdir eru einu eða fleiri verðbréfum sem skráð hafa verið eða óskað hefur verið eftir að skráð verði á skipulegum verðbréfamarkaði. Sambærilegt ákvæði er í 119. gr. núgildandi laga um verðbréfaviðskipti nr. 108/2007.

Samkvæmt greinargerð sem fylgdi frumvarpi sem varð að lögum 33/2003 segir um 42. gr. að með skipulegum verðbréfamarkaði sé um að ræða viðskipti með verðbréf í kauphöll og á tilboðsmarkaði sem hlotið hefur starfsleyfi hér á landi.

Í kæru kemur fram að stofnfjárbréfin hafi samkvæmt ákvörðun stjórnar verið á stofnfjármarkaði til 7. ágúst 2007.

Af bréfum frá FME sem fylgdu kæru má ætla að stofnfjárbréf SPRON hafi ekki verið til sölu á skipulegum tilboðsmarkaði. Þegar af þeirri ástæðu falla stofnfjárbréfin ekki undir skilgreiningu 42. gr. á þeim tíma er kærðu seldu bréf sín. Þá kemur til skoðunar hvort að reglur um innherjaviðskipti eigi við vegna ákvörðunar stjórnar um að breyta félaginu í hlutafélag og setja á verðbréfamarkað. Samkvæmt ákvæðinu þarf að vera búið að skrá félag á markað eða óska eftir skráningu þess á markaði til að reglurnar eigi við. Þann 21. ágúst 2007 var samþykkt á fundi með stofnfjáreigendum að SPRON yrði sett á markað. Þá fyrst sköpuðust skilyrði til að senda tilkynningu til kauphallar en þegar slík tilkynning hefur verið send er fyrst hægt að telja að óskað hafi verið eftir skráningu. Ekki liggur fyrir í gögnum málsins hvenær tilkynningin var send en af ofangreindu er ljóst að það var a.m.k. eftir fundinn 21. ágúst 2007.

Það er því mat ríkissaksóknara að reglur um innherjaviðskipti eigi ekki við um kærðu á þeim tíma sem þau seldu bréfin. Er því tekið undir þá niðurstöðu ríkislögreglustjóra að hefja ekki rannsókn vegna kæru vegna ætlaðs brots gegn IX. kafla laga nr. 33/2003.

Með hliðsjón af ofangreindu þykir rétt að skoða hvort vera kunnir að ákvæði 248. gr. almennra hegningarlaga gæti átt við um háttsemi kærðu. Samkvæmt ákvæðinu er refsivert *ef maður kemur öðrum manni til að hafast eitthvað að eða láta eitthvað ógert með því á ólögmatan hátt að vekja, styrkja eða hagnýta sér ranga eða óljósa hugmynd hans um einhver atvik og hafa þannig fé af honum eða öðrum*. Því kemur til skoðunar hvort kærðu hafi á saknæman hátt leynt upplýsingum sem fram koma í mati Capacent eða öðrum upplýsingum sem áhrif hefðu getað haft á söluverð stofnfjárbréfanna.

Eins og rakið hefur verið var niðurstaða Capacent birt, það er hvert var verðmæti SPRON m.v. 31. mars 2007. Aðrar upplýsingar úr matinu höfðu ekki verið birtar þegar viðskipti hófust með hlutabréf í SPRON þann 23. október 2007. Kærendur gagnrýna í kæru sinni mat Capacent og segja það ekki gefa rétta mynd af fjárhag SPRON á þeim tíma sem miðað var við. Niðurstaða matsins sé að fyrirtækið sé verðmeira en verið hefði ef Capacent hefði ekki litið fram hjá mikilvægum þáttum á borð við rekstrarreikning SPRON. Það hefði gefið allt aðra og lægri niðurstöðu í ljósi þess að rekstrartekjur stóðu ekki undir rekstrarútgjöldum.

Almennt er verðmæti stofnfjárbréfa sem hlutabréfa háð afkomu fyrirtækis og væntingum til þess. Spá um framtíð fyrirtækis og einstakar gerðir stjórnenda þess geta haft áhrif.

Með hliðsjón af eðli þeirra verðmæta sem eru í húfi, er ljóst að vera kann að sala stjórnarmanna á eigin bréfum (öllum eða hluta þeirra) og ætluð leynd á upplýsingum á því tímabili er stjórnin var að vinna í því að koma SPRON á markað, hafi haft áhrif á verðmæti bréfa annarra stofnfjáreigenda.

Er því fyrir hendi grunur um að kærðu hafi leynt upplýsingum í því skyni að styrkja hugmynd kaupenda um verðmæti SPRON og þar af leiðandi stofnfjárbréfanna til að ná fram hærra verði en eðlilegt hefði verið og hugsanlega með þeim afleiðingum að aðrir hafi orðið fyrir tapi vegna væntinga byggða á röngum forsendum byggðum á upplýsingum frá stjórn SPRON.

Með vísan til ofangreinds og ákvæðis 2. mgr. 52. gr. sakamálalaga er hér með lagt fyrir lögreglustjórn að taka til rannsóknar ætluð brot kærðu gegn 248. gr. almennra hegningarlaga.

Niðurstaða:

Ákvörðun ríkislögreglustjórans frá 18. desember 2008, um að hefja ekki rannsókn málsins með vísan til 1. mgr. 76. gr. laga um meðferð opinberra mála, sbr. nú 4. mgr. 52. gr. laga um meðferð sakamála, er hér með felld úr gildi og lagt fyrir ríkislögreglustjóra að hefja rannsókn málsins með hliðsjón af 248. gr. almennra hegningarlaga.

Skrifstofu ríkissaksóknara, Reykjavík, 10. febrúar 2009.

Sigr. Elsa Kjartansd.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir

saksóknari

Vilhjálmur Bjarnason
Hlíðarbyggð 18
210 Garðabæ

Árni Gunnarsson
Miðtúni 11a
800 Selfossi

Afrit:

Ríkislögreglustjóri